

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Gjalddagar A-gjalda skulu vera sem hér segir: Við lóðarveitingu skal greiða 50% af áætluðu gatnagerðargjaldi innan eins mánaðar frá lóðarveitingu. Eftirstöðvar skulu greiddast þegar byggingarleyfi er veitt, þó er heimilt að veita gjaldfrest á eftirstöðvum í allt að þrjá mánuði.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Miðneshrepps í Gullbringusýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. nóvember 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík.

Ráðuneytið hefur staðfest hækkun á sorptunnuleigu í Reykjavík fyrir árið 1982. Mun leigan nema kr. 60,00 og gilda fyrir árið 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 30. nóvember 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Laxár í Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu.

Engihlíðarhreppur	89 einingar
Hafragil	90 einingar
Heiði	40 einingar
Herjólfstaðir	150 einingar
Hvammur	91 eining
Illugastaðir	105 einingar
Skarðshreppur	21 eining
Skíðastaðir	265 einingar
Sævarland	58 einingar
Þorbjargarstaðir	91 eining

Alls 1 000 einingar

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð aldraðra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. nóvember 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð aldraðra.

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og nafn hans Styrktarsjóður aldraðra. Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 10 000,00, en það er framlag frá einstaklingi sem ekki vill láta nafns síns getið. Stofnfé sjóðsins ásamt 10% af ársvöxtum hans hverju sinni fram að því að stofnfé hefur tífaldast myndar höfuðstól, sem aldrei má skerða, sbr. og 5. gr.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eftir þörfum og getu hvers konar gagnlegar framkvæmdir, starfsemi og þjónustu í þágu aldraðra með beinum styrkjum og hagkvæmum lánum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög og gjafir eldri borgara.
2. Dánargjafir.
3. Almennar minningargjafir og áheit.
4. Verðbætur og vextir.
5. Annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast.

5. gr.

Við stofnfé leggst fyrst í stað 10% af því fé sem sjóðnum berst hverju sinni, svo og 10% af ársvöxtum hans. Að þessu undanskildu má þegar nota allt það fé sem sjóðnum berst samkvæmt tilgangi hans, samanber 3. gr. Þegar stofnfé sjóðsins hefur tífaldast, er heimilt að veita úr honum óskertar verðbætur, vexti og gjafafé sem kann að berast.

6. gr.

Heimilt er gefanda að ráðstafa gjöf sinni í samráði við stjórn sjóðsins til vissra staðbundinna framkvæmda eða starfsemi.